

From: [Þuríður María Guðmundsdóttir](#)
To: [Íbúaráð Grafarholt og Úlfársardalur](#); [ITR Dalslaug](#); ["veitur@veitur.is"](mailto:veitur@veitur.is)
Subject: Hesthúsabyggð á Hólmsheiði, auglýsing
Date: Tuesday, June 13, 2023 2:14:46 PM
Attachments: [image001.png](#)

Góðan dag, það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi vegna Hesthúsabyggð á Hólmsheiði, birtist í Morgunblaðinu föstudaginn 16. júní 2023. Tillagan er í kynningu frá 16. júní 2023 til og með 28. júlí 2023. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð: www.skipulagsgatt.is

Hesthúsabyggð á Hólmsheiði

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 31. maí 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 8. júní 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að skilmálum deiliskipulags Hesthúsabyggðar á Hólmsheiði, Almannadal og Fjárborg. Í breytingunni sem lögð er til felst að bætt er við a lið í kafla 3.1.5 um rúlluplan um að heimilt verði að losa uppgröft vegna framkvæmda við nýjar lóðir innan deiliskipulagsmarka í rúlluplön. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **16. júní 2023 til og með 28. júlí 2023**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 28. júlí 2023**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.